Borglund, Bengt, prótókollmeistari, Svíþjóð, stórriddarakross.
Anjou, Knut, deildarstjóri, Svíþjóð, stórriddarakross.
Daggfeldt, Bertil, kommendörkapten, Svíþjóð, stórriddarakross.
Lindblad, Hans Pontus, sænskur sendiráðsritari, riddarakross.

10. **júlí:**
Jacobsen, Tage, fv. vararæðismaður Íslands í Aarhus, riddarakross.

20. **júlí:**
Edland, Henrik, prófessor, Noregi, riddarakross.
Sandvik, Olav, prófessor, Noregi, riddarakross.

1. **september:**
Jessen, Heinrich, framkvæmdastjóri, Sambandslýðveldið Þýskaland, riddarakross.
Rabaeus, Bengt, aðalframkvæmdastjóri EFTA, sænskur ríkisborgari, stórkross.
Jabre, Francois, aðalræðismaður Íslands í Líbanon, riddarakross.
Goldstein, R. L., ræðismaður Íslands í Boulogne s/mer, riddarakross.
Schmitt, Bernhard, ræðismaður Íslands í Metz, riddarakross.
Siim, Jörgen Christian, yfirlæknir, Kaupmannahöfn, riddarakross.

20. **nóvember:**
Bonfils, Charles-Henri, framkvæmdastjóri, París, stórriddarakross með stjörnu.
Schneiter, Pierre, fv. þingforseti, París, stórkross.
Zellner, Ernst, framkvæmdastjóri, Sambandslýðveldið Þýskaland, stórriddarakross.

5. **desember:**
Lomholt, Asger, skjalavörður, Kaupmannahöfn, riddarakross.
Strömgren, Bengt, prófessor, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.
Hertoft, Jörgen, deildarstjóri, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.
Mohr, Kjartan, lögþingmaður í Færeyjum, stórriddarakross.
Samuelsen, Trygve, ræðismaður Íslands í Tórshavn, Færeyjum, riddarakross.
Hamilton, Norman, ræðismaður Íslands í Glasgow, riddarakross.

Nr. 558.

## EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

1973:

17. september var Helgi Ágústsson skipaður vararæðismaður Íslands í London og Midlands.

S. d. var Eiríkur Benedikz skipaður ræðismaður Íslands í London og Midlands.

1974:

14. nóvember var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Ásgeiri Theodórs til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

27. nóvember var John Thomas Martin skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Chicago, Bandaríkjunum.

S. d. var Arthur James Rubiner skipaður kjörræðismaður Íslands í Detroit.

1. desember var Jón Sigurpálsson skipaður deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu.

11. desember var Margaret Ellen Lahey, kjörræðismaður Íslands í Ottawa, skipuð sem kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi á sama stað.

17. desember var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Sigurði E. Rósarssyni til þess að mega stunda almennar tannlækningar hér á landi.

S. d. var Guðmunda Ögmundsdóttir skipuð fulltrúi í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. janúar 1975 að telja.

23. desember var Sigríði Ólafsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Jóni Magnússyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Hildi Viðarsdóttur til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

31. desember var Guðmundur B. Jóhannsson, læknir, skipaður héraðslæknir við læknamiðstöð í Laugaráshéraði frá og með 1. janúar 1975 að telja.

S. d. var Gísli Brynjólfsson skipaður deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. janúar 1975 að telja.

1975:

1. janúar var Kornelíus Sigmundsson, hagfræðingur, skipaður fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands.

S. d. voru skipaðir eftirtaldir forstöðumenn fyrir rannsóknastofnunum Raunvísindadeildar Háskólans til 5 ára frá 1. janúar 1975 að telja: Rannsóknarstofa í eðlisfræði: Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor. Rannsóknastofa í efnafræði: dr. Sigmundur Guðbjarnason, prófessor. Rannsóknastofa í jarðvísindum: dr. Sigurður Þórarinsson, prófessor. Reiknistofa: Oddur Benediktsson, dósent.

S. d. var sr. Kristján Búason, teol. lic., skipaður dósent í grísku og Nýja testamentisfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands.

S. d. var Helgi Þ. Valdimarsson, læknir, skipaður dósent í ónæmisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

8. janúar var cand. med. et chir. Svavari Haraldssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

10. janúar var Gísli Jónsson, rafmagnsverkfræðingur, skipaður prófessor í raforkuverkfræði við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1975 að telja.

S. d. var Ólafi A. Pálssyni, borgarfógeta við borgarfógetaembættið í Reykjavík, veitt lausn frá embætti frá 1. apríl 1975 að telja.

S. d. var dr. Unnsteinn Stefánsson, haffræðingur, skipaður prófessor í haffræði við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1975 að telja.

16. janúar var séra Leó Júlíusson, sóknarprestur í Borgarprestakalli, skipaður til þess að vera prófastur í Borgarfjarðarprófastsdæmi frá 1. janúar 1975 að telja.

S. d. var Halldóri S. Rafnar, borgarfógeta við borgarfógetaembættið í Reykjavík, veitt lausn frá embætti frá 1. mars 1975 að telja.

22. janúar var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Hjálmari Freysteinssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Kristjáni R. Róbertssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Inga Kr. Stefánssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

24. janúar lést Vincenzo Fama La Rocca, kjörræðismaður Íslands í Messina, Ítalíu.

27. janúar var Leif Hede Nielsen skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Horsens, Danmörku.

S. d. var Denis Francis Martin Foot skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Wellington, Nýja Sjálandi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Edwald Hinrikssyni til þess að mega kalla sig sjúkraþjálfara og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var Zivko Mucalov skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Belgrad, Júgóslavíu.

30. janúar var séra Kristjáni Bjarnasyni, sóknarpresti í Reynivallaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi veitt lausn frá embætti frá 1. júní 1975 að telja.

31. janúar var Yngvi Ólafsson, fyrrverandi sýslumaður, skipaður deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu frá 15. maí 1974 að telja.

13. febrúar var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Guðmundi Óskarssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

14. febrúar var gefið út leyfisbréf handa Halldóru Ingibjartsdóttur til þess að mega kalla sig sjúkraþjálfara og starfa sem slíkur hér á landi.

17. febrúar var gefið út leyfisbréf handa Ellu Kolbrúnu Kristinsdóttur til þess að mega kalla sig sjúkraþjálfara og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var dr. Gunnlaugi Þórðarsyni, fulltrúa í félagsmálaráðuneytinu, veitt lausn frá störfum að eigin ósk frá 1. apríl 1975 að telja.

18. febrúar var gefin út löggilding til handa Gissuri Ó. Erlingssyni, Seyðisfirði, til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

20. febrúar afhenti Hannes Jónsson Thodor Zhivkov, forseta Búlgaríu, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Búlgaríu með aðsetri í Moskva.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Þórarni J. Sigurðssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var Ólafur Hergill Oddsson, læknir, skipaður til þess að gegna starfi heilsugæslulæknis Akureyrar með aðsetri á Akureyri, frá 1. febrúar 1975 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Sigurði L. Viggóssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

24. febrúar var Pétur Eggerz leystur frá störfum sem protokollmeistari utanríkisráðuneytisins.

25. febrúar afhenti Hannes Jónsson forseta ríkisráðs Rúmeníu, Nicolae Ceausescu, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Rúmeníu með aðsetri í Moskva.

27. febrúar var Jóni Steinari Gunnlaugssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

28. febrúar var Guðmundi Þórðarsyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Kristjáni Ólafssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

5. mars var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Haraldi Briem til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Ingvari Kjartanssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

6. mars var gefið út leyfisbréf til handa Ingvari E. Kjartanssyni til þess að mega kalla sig sérfræðing í almennum skurðlækningum með æðaskurðlækningar sem hliðargrein og starfa sem slíkur.

7. mars var gefið út leyfisbréf handa dr. Þórði Harðarsyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í hjartalækningum og starfa sem slíkur.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa Kristjáni Sigurjónssyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í geislagreiningu og starfa sem slíkur.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa Gottskálk Björnssyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í lungnalækningum og starfa sem slíkur.

10. mars var Harold S. Sigurðsson skipaður kjörræðismaður Íslands í Vancouver, Kanada.

11. mars lést Robert M. Lints, kjörræðismaður Íslands í Aberdeen, Skotlandi.

12. mars var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Sigurði Gísla Lúðvíkssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

17. mars var Jón Óskar Eiríksson, læknir, skipaður yfirlæknir berkladeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur frá og með 1. mars 1975 að telja.

19. mars var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Þórði Theodórssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi

25. mars var Guðjón Smári Agnarsson, viðskiptafræðingur, skipaður fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. apríl 1975 að telja.

S. d. var Thomas Frederik Duer skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Árósum, Danmörku.

29. mars var gefið út veitingarbréf handa síra Hreini Hjartarsyni til þess að vera sóknarprestur í Fellaprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi frá þeim degi að telja.

31. mars afhenti Haraldur Kröyer forseta Kúbu, dr. Osvaldo Dorticós Torrado, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands á Kúbu með aðsetri í Washington D. C.

1. apríl var Jón Guðgeirsson, læknir, skipaður tryggingalæknir við Tryggingastofnun ríkisins frá og með 1. apríl 1975 að telja.

S. d. var Gunnlaugur Ingólfsson, cand. mag. skipaður sérfræðingur við Orðabók háskólans frá 1. apríl að telja.

S. d. var Lúðvík Gizurarsyni, fulltrúa í viðskiptaráðuneytinu, að eigin ósk veitt lausn frá störfum frá 1. apríl 1975 að telja.

3. apríl var Sigurður Sveinsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, skipaður borgarfógeti við borgarfógetaembættið í Reykjavík frá 1. apríl 1975 að telja.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa Ólafi Oddi Jónssyni, cand. theol., til þess að vera sóknarprestur í Keflavíkurprestakalli í Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. apríl 1975 að telja.

S. d. var gefin út löggilding fyrir Jónatan Þórmundsson til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ítölsku.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Páli Þórðarsyni til þess að vera sóknarprestur í Njarðvíkurprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi, frá 1. janúar 1976 að telja.

19. apríl var Jóhann Guðmundsson, efnaverkfræðingur, skipaður forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða frá og með 1. júlí 1975.

11. apríl var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et. chir. Einari Hjaltasyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

16. apríl var Knut R.T. Solberg veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands með aðalræðisstigi í Lagos, Nígeríu frá 1. júní 1975 að telja.

22. apríl var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Lúðvíki Ólafssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Guðmundi Viggóssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

23. apríl var Gunnar Björnsson skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. maí að telja og falið að gegna áfram störfum við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn.

26. apríl var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Heimi Sindrasyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

28. apríl var gefin út löggilding handa Rögnu Ragnars til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku og úr og á frönsku.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sigurði Jónssyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í lyflækningum og starfa sem slíkur.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Ingþóri Friðrikssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

30. apríl voru Sigurberg Guðjónsson lögfræðingur, og Jón Eiríksson, lögfræðingur, skipaðir fulltrúar við embætti bæjarfógetans í Kópavogi frá 1. maí 1975 að telja.

1. maí var Jón Rúnar Gunnarsson, mag. art., skipaður lektor í almennum málvísindum við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. maí 1975 að telja.

S. d. var Karl Benjamínsson, skipaður tæknifræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

S. d. var Georg Ólafsson, viðskiptafræðingur, skipaður verðlagsstjóri.

S. d. var Gunnar Þorsteinsson, viðskiptafræðingur, skipaður skrifstofustjóri verðlagsskrifstofunnar.

2. maí var gefið út leyfisbréf handa Páli B. Helgasyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í orkulækningum og starfa sem slíkur.

14. maí var Björn Bjarnason skipaður deildarstjóri í forsætisráðuneytinu.

15. maí var gefin út löggilding handa Torfa Ásgeirssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á dönsku.

20. maí var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Kristófer Þorleifssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

23. maí var Þórði Oddssyni, lækni, veitt lausn frá embætti héraðslæknis á Akranesi frá 1. júlí 1975 að telja.

28. maí var Kristni Ólafssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Kristófer Þorleifsson skipaður heilsugæslulæknir í Ólafsvíkurumdæmi með aðsetur í Ólafsvík frá 1. júní 1975 að telja.

S. d. var Ingþór Friðriksson skipaður heilsugæslulæknir í Víkurumdæmi með aðsetur á Kirkjubæjarklaustri frá 1. júní 1975 að telja.

30. maí var Kristján Bersi Ólafsson skipaður skólameistari við Flensborgarskólann í Hafnarfirði, fjölbrautarskóla, frá 30. maí 1975 að telja.

1. júní var Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur, skipuð fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

S. d. var Stefán Ólafur Jónsson skipaður deildarstjóri í verk- og tæknimenntunardeild menntamálaráðuneytisins.

S. d. var Sigurður Helgason skipaður deildarstjóri í fræðslumáladeild menntamálaráðuneytisins.

3. júní var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Hallgrími Benediktssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

5. júní var gefin út löggilding handa Rafni Kjartanssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

S. d. var Júlíusi Sigurjónssyni veitt lausn frá prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. október 1975 að telja.

S. d. var Helgu Kress veitt lausn frá lektorsstarfi í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. september að telja samkvæmt eigin ósk.

16. júní var gefin út löggilding handa Úlfari Atlasyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á dönsku.

S. d. var Ásmundur Brekkan, yfirlæknir, skipaður dósent í geislalæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1975 að telja.

18. júní var Þengill Oddsson skipaður heilsugæslulæknir í Þórshafnarumdæmi með aðsetur í Vopnafirði frá 1. júlí 1975 að telja.

19. júní var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Ara J. Jóhannessyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Guðmundi Björnssyni veitt lausn frá prófessorsembætti í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 15. ágúst 1975 að telja samkvæmt eigin ósk hans.

23. júní var gefið út veitingarbréf handa séra Einari Sigurbjörnssyni til þess að vera sóknarprestur í Reynivallaprestakalli í Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. júlí 1975 að telja.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sigurði Björnssyni, lækni, til þess að mega kalla sig sérfræðing í almennum lyflækningum með lyflækningum krabbameina sem hliðargrein og starfa sem slíkur.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Jóni Þorsteinssyni til þess að vera sóknarprestur í Setbergsprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi frá 1. júlí 1975 að telja.

24. júní voru skipaðir eftirtaldir menn til að vera yfirmatsmenn við Framleiðslueftirlit sjávarafurða frá 1. júlí 1975: Jón Guðleifur Ólafsson, Sigurður Gunnarsson, Guðmundur Ágústsson, Kolbeinn Gunnarsson, Jón Helgason, Jón Magnússon, Karl Magnússon, Pétur Guðmundsson, Jón Ákason, Jens Hjörleifsson, Karl Friðriksson og Jón Björnsson.

25. júní var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Ingimundi Gíslasyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Páli Ammendrup til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Jón Þ. Ólafsson, skrifstofustjóri, skipaður til þess að vera skrifstofustjóri við Framleiðslueftirlit sjávarafurða frá 1. júlí 1975.

S. d. var Sigurður Njálsson, framkvæmdastjóri, skipaður deildarstjóri freðfiskdeildar og Jóhann Eiríksson, yfirfiskmatsmaður, deildarstjóri saltfisk- og skreiðardeildar Framleiðslueftirlitsins, báðir frá 1. júlí 1975.

27. júní var Sigurði Sigurjónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Halldóri Ásgrímssyni veitt lausn frá lektorsstarfi við viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1975 að telja, skv. eigin ósk hans.

S. d. var Alfred I.R. Kraunsöe veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands í Manchester, Englandi, frá 1. september 1975 að telja.

30. júní var Jóni Haukssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. voru deildarstjórarnir Jón J. Ólafsson, Ketill Jensson og Njáll Þórðarson skipaðir til þess að vera fulltrúar við Framleiðslueftirlit sjávarafurða frá 1. júlí 1975, og Ari Jónsson, yfirfiskmatsmaður, skipaður yfirmatsmaður við Framleiðslueftirlitið frá sama tíma.

S. d. var Guðmundur Bjarnason, læknir, skipaður til að vera yfirlæknir í barnaskurðlækningum við Barnaspítala Hringsins frá 1. júlí 1975 að telja.

S. d. var Víkingur H. Arnórsson, læknir, skipaður til að vera yfirlæknir í barnalækningum við Barnaspítala Hringsins frá 1. júlí 1975 að telja.

1. júlí var dr. Svend-Aage Malmberg, sérfræðingur, skipaður deildarstjóri sjávarrannsóknadeildar Hafrannsóknastofnunarinnar frá 1. desember 1975.

2. júlí var Baldri Johnsen, samkvæmt eigin ósk, veitt lausn frá embætti forstöðumanns (yfirlæknis) Heilbrigðiseftirlits ríkisins frá og með 1. október 1975 að telja.

3. júlí var Jón G. Stefánsson, læknir, skipaður lektor í geðlæknisfræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1975 að telja.

8. júlí var Alfreð Gíslasyni, sýslumanni í Gullbringusýslu og bæjarfógeta í Keflavík og Grindavík, veitt lausn frá embætti vegna aldurs frá 1. október 1975.

9. júlí var séra Jóni Kr. Ísfeld, sóknarpresti í Búðardal, Dalasýslu, að eigin

ósk, veitt lausn frá embætti sem prestur í Hjarðarholtsprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi frá 1. október 1975 að telja.

10. júlí var Kolbeinn Kristófersson skipaður prófessor í geislalæknisfræði (röntgenfræði) í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1975 að telja.

11. júlí var Skarphéðni Þórissyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Jónasi Haraldssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Hilmari Kristjáni Björgvinssyni, lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Hjalti Þórarinsson, yfirlæknir, skipaður prófessor í handlæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1975 að telja.

15. júlí var séra Óskari H. Finnbogasyni, sóknarpresti í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, að eigin ósk, veitt lausn frá embætti sem prestur í Bíldudalsprestkalli, Barðastrandarprófastsdæmi, frá 1. október 1975 að telja.

16. júlí var Brodda Jóhannessyni veitt lausn frá lektorsstarfi við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1975 að telja.

18. júlí var Karl Helgason, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

22. júlí var Gunnlaugi Geirssyni, lækni, veitt lausn frá lektorsstarfi í líffærafræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 30. september 1975 að telja, samkvæmt ósk hans.

23. júlí var dr. Geir A. Gunnlaugsson skipaður dósent í véla- og skipaverkfræði við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands og dr. Ingvar Árnason dósent í efnafræði við efnafræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, báðir frá 1. ágúst 1975 að telja.

S. d. var Andrés Valdimarsson, sýslumaður, skipaður sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 1. september 1975 að telja.

24. júlí var sr. Finnboga Kristjánssyni, sóknarpresti í Hvammsprestakalli, Skagafjarðarsýslu, veitt lausn frá embætti frá 1. október 1975 að telja.

28. júlí var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Stefáni B. Matthíassyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Guðmundi Magnúsi Jóhannessyni til þess að mega leggja stund á almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Arnari Þorgeirssyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í kyn- og húðsjúkdómalækningum hér á landi.

S. d. var dr. Sigríður Valgeirsdóttir skipuð prófessor í uppeldissálarfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1975 að telja.

S. d. var dr. Óttar P. Halldórsson, verkfræðingur, skipaður prófessor í byggingaverkfræði við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1975 að telja.

S.d. var gefið út leyfisbréf handa Kristjáni T. Ragnarssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í orkulækningum hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf til handa cand. med. et chir. Önnu Inger Eydal til þess að mega leggja stund á almennar lækningar hér á landi.

30. júlí var gefið út leyfisbréf handa Agli Á. Jacobsen, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Guðmundi K. Jónmundssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

1. ágúst var Guðrún Ólafsdóttir, cand. mag., skipuð lektor í landafræði við jarðfræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1975 að

telja. Jafnframt var henni veitt lausn frá starfi kennara við Kennaraháskóla Íslands frá sama tíma að telja.

11. ágúst voru Árni Kristjánsson, fyrrv. tónlistarstjóri, og Páll Kr. Pálsson, organleikari, endurskipaðir fulltrúar Íslands í dómnefnd um tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs. Skipunartímabilinu lýkur, er afhending verðlaunanna 1978 hefur farið fram.

14. ágúst var Hörður H. Bjarnason skipaður fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. september 1975 að telja.

22. ágúst var Valtý Guðmundssyni, sýslumanni í Suður-Múlasýslu, veitt lausn frá embætti sínu að eigin ósk frá 1. janúar 1976.

S. d. var Jón Eysteinsson, héraðsdómari, skipaður sýslumaður í Gullbringusýslu og bæjarfógeti í Keflavík og Grindavík frá 1. október 1975 að telja.

27. ágúst var Rúnar Guðjónsson, fulltrúi, skipaður sýslmaður í Strandasýslu frá 1. september 1975 að telja.

28. ágúst var dr. Baldur Símonarson skipaður dósent í lífefnafræði í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. september 1975 að telja.

29. ágúst var Jón E. Böðvarsson, verkfræðingur, skipaður deildarstjóri í fjárlaga- og hagsýslustofnun frá 1. ágúst að telja.

1. september voru eftirtalin skipuð kennarar við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands: Ásthildur S. Rafnar, Dagný Guðmundsdóttir, Einar G. Einarsson, Ingibjörg Bragadóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir, Þórunn Karvelsdóttir og Karl G. Jeppesen, æfingakennari. Jafnframt var Halldór Kjartansson skipaður kennari við sama skóla.

S. d. voru eftirtaldir skipaðir kennarar við Flensborgarskólann, fjölbrautarskóla, í Hafnarfirði: Halldór G. Ólafsson, Hallgrímur Hróðmarsson, Jón Thor Haraldsson og Þórarinn Andrewsson.

S. d. voru eftirtaldir skipaðir kennarar við Menntaskólann á Akureyri: Magnús H. Ólafsson, íþróttakennari, Sverrir Páll Erlendsson, B.A. og Valdimar Gunnarsson, B.A.

S. d. var Eggert Briem, dósent, skipaður forstöðumaður rannsóknarstofu í stærðfræði við Raunvísindastofnun háskólans og er skipunartímabilið tvö ár frá 1. september 1975 að telja.

S. d. var Skúli H. Flosason skipaðr umsjónarmaður húsa Menntaskólans á Akureyri.

S. d. var Davíð Örn Þorsteinsson skipaður kennari við Menntaskólann á Laugarvatni.

4. september var Zivko Mucalov veitt viðurkenning til að vera aðalræðismaður Íslands í Júgóslavíu.

15. september var Adólf Adólfssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

16. september var Björn Bjarnason, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, skipaður skrifstofustjóri í því ráðuneyti.

S. d. var William Thomas Möller, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

22. september var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Pétri Svavarssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Karli Erni Karlssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Páli Pálssyni til þess að vera sóknarprestur í Bergþórshvolsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi frá 1. október 1975 að telja.

23. september var Leifi Jónssyni, lækni, veitt viðurkenning til þess að starfa sem sérfræðingur í skapnaðarlækningum sem hliðargrein við almennar skurðlækn-

ingar, viðurkenningu sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hlaut hann 24. janúar 1974.

24. september var Ingólfi S. Sveinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Ólafi Eyjólfssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Geir Friðgeirssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Jóni R. Kristinssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Guðnýju Daníelsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í orkulækningum hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Kristrúnu R. Benediktsdóttur veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var cand. med. et chir. Friðrik Páli Jónssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Þorsteini Gíslasyni veitt leyfi til þess að mega leggja stund á almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Kristjáni Arinbjarnarsyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Hafsteini Sæmundssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

25. september var cand. pharm. Hilmari Karlssyni veitt leyfi til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var cand. pharm. Ottó Birni Ólafssyni veitt leyfi til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var Ólafi Guðbirni Gústafssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var cand. pharm. Einari Magnússyni veitt leyfi til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

29. september var cand. pharm. Jóni Þórðarsyni veitt leyfi til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

30. september var gefin út löggilding handa Magnúsi Kristinssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku og úr og á þýsku.

S. d. var Þór Halldórsson, læknir, skipaður til þess að gegna yfirlæknisstöðu við Hátúnsdeild Landspítalans (hálf staða) frá og með 1. október 1975 að telja.

S. d. var Jóhannes Bergsveinsson, læknir, skipaður til þess að gegna stöðu yfirlæknis við sjúkradeildir ríkisins fyrir drykkjusjúka frá og með 1. október 1975 að telja.

1. október var gefið út veitingarbréf handa síra Guðmundi Óskari Ólafssyni til þess að vera sóknarprestur í Nesprestakalli í Reykjavíkurprestakalli frá 1. október 1975.

S. d. var Stefán Svavarsson, B.A., skipaður lektor í endurskoðun og reikningshaldi við viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 1. október 1975 að telja.

S. d. var Sigurjón Valdimarsson skipaður framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna frá 1. október 1975 að telja.

7. október var Sigurður Hallur Stefánsson, aðalfulltrúi, skipaður til þess að vera héraðsdómari við embætti sýslumannsins í Gullbringusýslu og bæjarfógetans í Keflavík og í Grindavík frá 1. október að telja.

8. október var gefið út skipunarbréf handa séra Hjalta Guðmundssyni, sóknarpresti í Stykkishólmsprestakalli, til þess að vera prófastur í Snæfellssness- og Dalaprófastsdæmi frá 1. október 1975 að telja.

9. október var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Magna S. Jónssyni til þess að mega leggja stund á almennar lækningar hér á landi.

S. d. var sr. Bjarni Sigurðsson skipaður lektor í kennimannlegri guðfræði við guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1976 að telja.

S. d. var Gissur V. Kristjánsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu frá 1. október 1975 að telja.

10. október var Hugo Andreassen að eigin ósk veitt lausn frá starfi sem skrifstofustjóri Raunvísindastofnunar Háskólans.

13. október var Bogi Nilsson, aðalfulltrúi, skipaður til þess að vera sýslumaður í Suður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Eskifirði frá 1. janúar 1976 að telja.

15. október var Jóni Erlendssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Jóni Þóroddssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var dr. Friðrik Einarssyni, yfirlækni, veitt lausn frá dósentsstöðu við Læknadeild Háskóla Íslands frá 1. febrúar 1976 að telja., samkvæmt hans eigin ósk.

17. október lést Gustave Goedertier kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Bruxelles, Belgíu.

23. október var Páli Arnóri Pálssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

24. október var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Ólafi G. Guðmundssyni til þes að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

27. október var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Karli Haraldssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Eiríki Benjamínssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

28. október var cand. pharm. Þorsteini Loftssyni veitt leyfi til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

S. d. var exam. pharm. Guðlaugu Björgu Björnsdóttur veitt leyfi til þess að mega kalla sig aðstoðarlyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi.

29. október var gefið út leyfisbréf handa Agli Á. Jacobsen, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í þvagfæraskurðlækningum sem hliðargrein við almennar skurðlækningar, en viðurkenningu sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hefur hann áður hlotið.

31. október var gefið út leyfisbréf handa Magnúsi Lyngdal Stefánssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

1. nóvember var Leifur A. Símonarson, mag. scient., skipaður sérfræðingur í rannsóknastofu í jarðvísindum, jarðfræðideild, við Raunvísindastofnun Háskólans frá 1. nóvember 1975 að telja.

S. d. var Jón G. Friðjónsson, cand. mag., skipaður lektor í íslensku fyrir erlenda stúdenta og Guðný Guðbjörnsdóttir, M.Sc., lektor í uppeldisfræði, bæði við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. nóvember 1975 að telja.

S. d. var Árni Kristinsson, læknir, skipaður dósent í lyflæknisfræði og Sæmundur Kjartansson, læknir, dósent í húð- og kynsjúkdómafræði við læknadeild Háskóla Íslands, báðir um fimm ára skeið frá 1. nóvember 1975 að telja.

3. nóvember var dr. Björn Sigurbjörnsson skipaður í íslensku FAO-nefndina til fjögurra ára frá og með 1. nóvember 1975. Jafnframt var hann skipaður formaður nefndarinnar til 1. nóvember 1977.

S. d. var Sverrir H. Gunnlaugsson skipaður ritari íslensku FAO-nefndarinnar til fjögurra ára frá og með 1. nóvember 1975.

4. nóvember var Már Elísson skipaður í íslensku FAO-nefndina til fjögurra ára frá og með 1. nóvember 1975.

S. d. andaðist Kunitoshi Okazaki, kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Tokyo, Japan.

11. nóvember var Stefáni Sigurkarlssyni, lyfsala, veitt lyfsöluleyfið á Akranesi frá 1. janúar 1976 að telja.

17. nóvember var dr. Victor Bentata skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Caracas, Venezuela.

18. nóvember var gefið út leyfisbréf handa cand. odont. Svend Richter til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Stefáni Hreiðarssyni veitt leyfi til þess að mega leggja stund á almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Birni Árdal veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

24. nóvember var J. Carl Ross veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands í Grimsby, Bretlandi, frá 25. nóvember 1975 að telja.

25. nóvember var gefið út veitingarbréf handa síra Herði Þ. Ásbjörnssyni til þess að vera sóknarprestur í Bíldudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi frá 1. nóvember 1975 að telja.

26. nóvember var Jón Olgeirsson skipaður kjörræðismaður Íslands í Grimsby, Bretlandi.

S. d. var Atle Björnli skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Drammen, Noregi.

2. desember var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Pétri Lúðvíkssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Niels Chr. Nielsen til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Atla Dagbjartssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

4. desember var dr. Geir A. Gunnlaugsson skipaður prófessor í vélaverkfræði við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. desember 1975 að telja.

S. d. var Holger Strandberg skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Vasa, Finnlandi.

5. desember var Luis Balaguer de Palleja skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Barcelona, Spáni.

15. desember var Einar Benediktsson skipaður sendiherra frá 1. janúar 1976 að telja, sbr. lög nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands.

S. d. var Sverrir H. Gunnlaugsson skipaður deildarstjóri í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. janúar 1976 að telja.

S. d. var Samuel Aksel Thorsteinsson skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Klaksvík, Færeyjum.

17. desember voru skipuð í byggingarnefnd Listasafns Íslands Guðmundur Þórarinsson, verkfræðingur, sem jafnframt hefur verið skipaður formaður nefndarinnar, dr. Selma Jónsdóttir, forstöðumaður, Runólfur Þórarinsson, stjórnarráðsfulltrúi og myndlistarmennirnir Jóhannes Jóhannesson og Steinþór Sigurðsson.

18. desember var Haukur Haraldsson, fulltrúi, skipaður deildarstjóri afgreiðsludeildar Tryggingastofnunar ríkisins frá og með 1. janúar 1976 að telja.

22. desember var Magnús Þ. Torfason hæstaréttardómari kjörinn forseti Hæstaréttar frá 1. janúar 1976 að telja til ársloka 1977. Ármann Snævarr hæstaréttardómari var kjörinn varaforseti til sama tíma.

23. desember var Jacques Tasiaux skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Bruxelles, Belgíu.

30. desember var cand. med. et chir. Reyni T. Geirssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

31. desember var Sigurjóni Guðjónssyni, lyfjafræðingi, veitt lyfsöluleyfi í Vestmannaeyjum.

S. d. var Jón L. Sigurðsson, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir í röntgengreiningu á röntgendeild Landspítalans frá og með 1. janúar 1975 að telja.

S. d. var Jóni Björnssyni, lyfjafræðingi, veitt lyfsöluleyfi í Stykkishólmi.

S. d. var Sveinn Arason, viðskiptafræðingur, skipaður deildarstjóri í ríkisendurskoðuninni frá 1. janúar 1976 að telja.

Nr. 559.

# SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

### Sendiherrar.

25. mars afhenti hr. Gueorgui Nikolaevich Farafonov forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét hr. Yuri A. Kirichenko af störfum sem sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi.

29. apríl afhenti hr. Romuald Poleszczuk forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Póllands á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Przemyslaw Ogrodzinski af störfum sem sendiherra Póllands á Íslandi.

2. maí afhenti hr. Kenneth Arthur East forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Bretlands á Íslandi með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét hr. John McKenzie af störfum sem sendiherra Bretlands á Íslandi.

6. maí afhenti hr. Jamsheed K. A. Marker forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Pakistan á Íslandi. Sendiherrann hefur aðsetur í Berlín.

6. maí afhenti hr. Carlos Alberto Empis Wemans forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Portúgal á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Martim de Faria e Maya af störfum sem sendiherra Portúgal á Íslandi.

18. júní afhenti hr. Stavros G. Roussos forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Grikklands á Íslandi með aðsetri í London. Um leið lét hr. Nicolaos Broumas af störfum sem sendiherra Grikklands á Íslandi.

18. júní afhenti hr. Issa Malek forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íran á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi. Um leið lét hr. Manoutchehr Marzban af störfum sem sendiherra Íran á Íslandi.

3. júlí afhenti dr. Hedwig Wolfram forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Austurríkis á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn. Um leið lét hr. Alois Reitbauer af störfum sem sendiherra Austurríkis á Íslandi.

17. september afhenti hr. János Lörincz-Nagy forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ungverjalands á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi. Um leið lét hr. Béla Nagy af störfum sem sendiherra Ungverjalands á Íslandi.

17. september afhenti dr. K. S. Shelvankar forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Indlands á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. S. N. Chopra af störfum sem sendiherra Indlands á Íslandi.

22. október afhenti hr. Eduardo Jiménez Gonzáles forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Mexíkó á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét dr. Antonio Sordo Sodi af störfum sem sendiherra Mexíkó á Íslandi.

31. október var veitt samþykki til skipunar á hr. David Z. Rivlin til að vera sendiherra Ísraels á Íslandi með aðsetri í Osló.

11. nóvember var veitt samþykki til skipunar á Le Tham til að vera sendiherra Suður-Vietnam á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.